á háalofti heima hjá móður minni og datt mér ekki í hug að þetta væri neitt annað en skítug krossviðsplata, tók hana samt niður og þvoði og hreinsaði og í ljós kom brún kyrralífsmynd er ég gerði 1950 — sú mynd seldist við opnun sýningarinnar á hálfa milljón króna. Þetta sýnir í hnotskurn ræktarsemi mína og virðingu fyrir gömlum myndum fram til þessa ...

Myndverkasmiðurinn ræskir sig, hvessir á mig augum og segir dimmum rómi: Mér þykja spurningar þínar nokkuð nærgöngular og að þú viljir þrengja mér út í horn, þetta er ykkur gagnrýnendum líkt, sem eruð líkt og geldingarnir „vitið hvernig á að gera það, en getið það bara ekki".

Gagnrýnandinn: Þetta er nú ekki allskostar rétt, sumir okkar hafa a.m.k. stungið þumalfingrinum í gegnum gatið á pallettinu líkt og Denis Diderot orðaði það svo snilldarlega forðum daga. Þið málararnir skammið okkur óvægilega og ykkur væri hollast að rækta þennan vettvang um tíma, þið kæmust vísast á aðra skoðun á listrýni almennt. Stóryrtasti málari í okkar garð sem ég man eftir, er raunar taldi okkur aldrei skamma félaga sína nóg tók eitt sinn upp á því að skrifa sjálfur, þá gerist það, að hann var í skrifum sínum líkt og músin sem læðist og gafst raunar fljótlega upp. Hefur ekki verið jafn kokhraustur síðan. Það þarf nefnilega hugrekki í þetta starf og vænlegast, að vera í góðri líkamlegri þjálfun, stunda böð, aflraunir og karate, og hvar væruð þið staddir ef við héldum ekki uppi rökræðum um þessi mál? Annars tel ég mesta hrósið sem ég hefi fengið fyrir skrif mín vera er málari nokkur sagði við vin minn einn í veizlu úti í Kóngsins Kaupinhavn: „Hann Bragi er ekki eins vitlaus og ég hélt," en sá hinn sami hafði einmitt fyrir skömmu fengið vinsamlegan listdóm frá minni hendi í fyrsta skipti!

Myndverkasmiðurinn: Sagðir þú vinsamlega krítík? Ég hélt nú að almennt væri álitið að þú skrifaðir vel um alla.

Gagnrýnandinn: Það er tóm tjara og stafar vísast af því að menn kunna ekki að lesa í gagnrýni mína — um átakamikla sýningu skrifa ég átakamikla gagnrýni og svo öfugt, gagnrýni speglar sýningarnar og maður verður stöðugt að vera minnugur þess, að verið er að skrifa á Íslandi, ekki í Kaupmannahöfn, London, París eða New York. Aðalatriðið er að koma skoðunum sínum á einhvern hátt til skila, standa fast við þær og láta í engu troða sér um tær. En heyrðu mig, þetta er orðið nokkuð langt spjall en áður en við setjum punkt fyrir þetta langar mig til að spyrja þig, hvort þú sért ánægður með sýninguna í heild?

Nei, ég er aldrei ánægður og megingalli hennar, sem ég tel mistök og skort á hugrekki, er að ég skyldi ekki festa mér húsið í heilan mánuð. Þá hefði ég getað gefið mér lengri tíma til að hengja upp, safna saman myndum og ganga frá öllum smáatriðum, út í slíka eldraun fer ég ekki næstu 33 árin a.m.k. ekki í þessu formi.

Gagnrýnandinn stendur upp, finnur stingandi augnaráð myndverkasmiðsins hvíla á sér, snýr sér því við og segir: Þú sagðir 33 ár, má ég þá gera ráð fyrir því að þú haldir yfirlitssýningu 66 ára ferils þíns í myndlistinni.

Myndverkasmiðurinn: Vissulega, ef ég verð ofan jarðar og mig langar til að trúa því, vegna þess að það er langlífi í minni ætt þótt ýmsir hafi látist fyrir aldur fram úr smitpestum og einhverri óáran — einn féll í fyrri heimsstyrjöldinni, nánar tiltekið við Verdun og það lækkaði meðalaldurinn allnokkuð enda maðurinn kornungur.

Gagnrýnandinn: Má ég bóka, að ég fái þá viðtal við þig í Morgunblaðið? Já, vissulega svarar myndverkasmiðurinn — við sjáumst aftur.

Au revoir monsieur artiste peintre.
— A rividertla il signore criticissimo.

Rætt við Ólaf Jóhannesson, utanríkisráðherra

Hönnun nýrrar flugstöðvar lýkur um miðjan nóvember

Varnarliðsframkvæmdir líklega fyrir 15—20 milljónir dollara á næsta ári

— ÉG Á VON á því, að varið verði 15—20 milljónum dollara á næsta ári til framkvæmda í þágu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sagði Ólafur Jóhannesson, utanríkisráðherra, þegar rætt var við hann í gær meðal annars í tilefni þess, að í næstu viku munu fulltrúar í varnarmálanefnd fara til fundar í Norfolk í Bandaríkjunum um framkvæmdir varnarliðsins á næsta ári. Sagði utanríkisráðherra, að þessi fjárhæð, sem hann nefndi, væri á sama bili og framkvæmdaféð undanfarin ár. Ráðherrann vildi ekki nefna neina ákveðna tölu, þar sem fundirnir í næstu viku væru einmitt til að ákvarða hana.



Ólafur Jóhannesson utanríkisráðherra

— Staðan í flugstöðvarmálinu er nú sú, sagði utanríkisráðherra, að hönnuðir telja sig þurfa tímann fram í miðjan nóvember til að ganga endanlega frá tillögum sínum. Fjármögnun byggingarinnar verður ekki sérstaklega til umræðu á fundinum í næstu viku, þar sem um það var samið í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar, hvernig kostnaði yrði skipt milli Bandaríkjamanna og Íslendinga. Munu Bandaríkjamenn greiða allan kostnað utandyra, þ.e. lagningu brauta að stöðinni, eldsneytisleiðsluna og annað slíkt. Kostnaðinum við bygginguna sjálfa verður skipt milli þjóðanna.

— Verður ætlað fjár til byggingarinnar á lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1981?

— Ég mun leggja það til innan ríkisstjórnarinnar, sagði Ólafur Jóhannesson, að á lánsfjáráætlun verði gert ráð fyrir fjármagni til nýrrar flugstöðvar. Samkvæmt stjórnarsáttmálanum verða allir aðilar stjórnarsamstarfsins hins vegar að samþykkja þá tillögu svo að hún nái fram sem stefna ríkisstjórnarinnar. Bandaríkjaþing hefur ekki enn samþykkt fjárveitingu til framkvæmdanna og verður það ekki gert fyrr en nýkjörið þing þeirra kemur saman. Sagt hefur verið, að ekki sé neinnar fyrirstöðu að vænta á Bandaríkjaþingi.

— Þegar ég tók við embætti utanríkisráðherra, lagði ég til við byggingarnefnd flugstöðvarinnar, að hún endurskoðaði áform sín um stærð hússins. Það hefur verið gert, en ýmsum kann þó að sýnast byggingin of stór. Ég tel nauðsynlegt, að reist sé ný flugstöðvarbygging á Keflavíkurflugvelli. Í fyrsta lagi tryggir það þann aðskilnað milli almennrar starfsemi og hernaðarstarfsemi á vellinum, sem menn stefna að. Og í öðru lagi tel ég núverandi flugstöð algjörlega ófullnægjandi. Verði hafist handa á næsta ári, gæti nýja stöðin orðið tilbúin 1983.

— Hvað miðar áformum um að nýta eldsneytisgeyma fyrir varnarliðið í Helguvík?

— Á næsta ári mun verða fyrir hendi fjármagn til að hefja hönnum hinna nýju mannvirkja. Því verki verður varla lokið fyrr en svo seint á árinu 1982, að ekki verði af tæknilegum ástæðum unnt að hefja framkvæmdir fyrr en á árinu 1983. Málið kemur til ákvörðunar íslenskra yfirvalda, þegar hönnun er komin á góðan rekspöl og ákveða verður hve marga nýja geyma skuli smíða, en nefndin, sem um málið fjallaði, gerði tillögu um 12.

Jan Mayen og Sovétmenn

— Hafa íslensk stjórnvöld gripið til einhverra aðgerða vegna kröfu Sovétmanna á hendur Norðmönnum um veiðiheimildir við Jan Mayen?

— Já, sendiherra okkar í Osló fylgist með þessu máli og hefur sent okkur skýrslu um það. Honum hefur verið falið að mælast til þess við Norðmenn, að málið verði tekið fyrir í sameiginlegri fiskveiðinefnd þjóðanna.

— Það eru ekki uppi kröfur um, að Íslendingar taki beinlínis þátt í viðræðunum?

— Nei, enda höfum við viðurkennt lögsögu Norðmanna á svæðinu.

— Hafa Sovétmenn farið fram á að veiða kolmunna innan íslensku lögsögunnar eins og þeir krefjast við Jan Mayen?

— Ég vil orða þetta svar þannig, sagði utanríkisráðherra, að Sovétmenn hafi tæpt á málinu.

— Hvernig miðar störfum hafsbotnsnefndarinnar, sem þeir eiga sæti í Elliot Richardson, Jens Evensen og Hans G. Andersen og á að gera tillögur um skiptingu landgrunnsins milli Íslands og Jan Mayen?

— Nefndin hefur starfað eins og um var samið í vor. Á þessu stigi er ekki unnt að segja fyrir um það, hvenær hún lýkur störfum og svo kynni að fara, að hún þyrfti lengri tíma en þá fimm mánuði, sem miðað er við í samkomulaginu.

Viðræður við EBE

— Hvað um viðræður Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um fiskveiðimál?

— Nú um helgina fara embættismenn frá okkur til viðræðna við fulltrúa Efnahagsbandalagsins í Brüssel. Hannes Hafstein, skrifstofustjóri, er formaður nefndarinnar, en auk hans fara Jón Arnalds, ráðuneytisstjóri, Már Elísson, fiskimálastjóri og Jakob Magnússon, fiskifræðingur. Þetta eru könnunarviðræður og af okkar hálfu er megináherslan lögð á fiskvernd, en auðvitað koma fiskveiðar einnig til umræðu, því að þar höfum við nú meiri hagsmuna að gæta en áður vegna útfærslu lögsögunnar við norðurströnd Austur-Grænlands og áhuga á rækjuveiðum innan grænlensku lögsögunnar. Eftir þessar viðræður munu málin liggja skýrar fyrir til ákvörðunar hjá viðkomandi aðilum hér á landi.

Madrid-fundur

— Nú hafa um nokkurra vikna skeið farið fram viðræður í Madrid milli aðildarríkja Helsinkisamþykktarinnar um öryggi í Evrópu til undirbúnings framhaldsráðstefnu um frið og öryggi í Evrópu. Hvað vilt þú segja um það mál?

— Um þetta mál er það að segja, að náið hefur verið fylgst með undirbúningsráðstefnunni af hálfu utanríkisráðuneytisins. Niels P. Sigurðsson sendiherra situr fundina, sem nú fara fram í Madrid. Ráðgert er, að sjálf ráðstefnan hefjist þar 11. nóvember, en þunglega þykir horfa um samkomulag um dagskrá þeirrar ráðstefnu. Um það hefur verið rætt, að utanríkisráðherrar þeirra 35 landa, sem hér um ræðir, sæktu ráðstefnuna, en allt er óljóst um, hvort af því verður eða hvenær.

— Hver er tilgangurinn með ráðstefnunni?

— Jú, hún er haldin í samræmi við ákvæði Helsinki-samþykktarinnar frá 1975. Þar er gert ráð fyrir því, að reglulega verið komið saman til að fylgjast með framkvæmd samþykktarinnar. Var á árinu 1977 haldinn fundur í Belgrad í því skyni. Deilurnar um dagskrána núna snúast einkum um það, að Austur-Evrópuríkin vilja takmarka umræðutíma um einstaka þætti Helsinki-samþykktarinnar, en Vesturlönd leggja á það áherslu, að umræður verði ekki skornar niður vegna slíkra tímamarka.

— Þú ert nú um helgina á förum til Búlgaríu. Hvers eðlis er sú ferð?

— Hér er um kurteisisheimsókn að ræða í framhaldi af slíkum heimsóknum fyrr á árum, en Todor Zhivkov, forseti Búlgaríu, hefur komið hingað til lands og einnig utanríkisráðherra landsins. Á sínum tíma fór Emil Jónsson utanríkisráðherra í opinbera heimsókn þangað.

— Hvað vilt þú segja um stöðuna í alþjóðamálum nú um stundir?

— Ég segi það eitt, að andrúmsloftið er lævi blandið.

— Að lokum utanríkisráðherra, í Morgunblaðinu í morgun, föstudag, er því haldið fram, að þú hafir í sumar boðið Benedikt Gröndal sendiherraembætti. Er þetta rétt?

— Fyrir þessu er enginn fótur. Síst af öllu, að ég hafi með þessum hætti verið að blanda mér í innanríkismál Alþýðuflokksins.

Þjóðleikhúsið:

„Í öruggri borg"

HÚSFYLLIR hefur verið á allar aukasýningarnar á leikriti Jökuls Jakobssonar, Í ÖRUGGRI BORG, á Litla sviði Þjóðleikhússins. Verður nú hægt að koma einungis tveimur aukasýningum í viðbót fyrir, og er það hægt með því að fresta um nokkra daga frumsýningu á næsta verkefni Litla sviðsins sem er leikrit Valgarðs Egilssonar, Dags hríðar spor. Þessar síðustu aukasýningar á Í ÖRUGGRI BORG verða á morgun, sunnudaginn 2. nóvember kl. 15.00 síðdegis (ath. óvanalegan tíma), og þriðjudaginn 4. nóvember kl. 20.30.

Leikendur í Í ÖRUGGRI BORG eru Helga Bachmann, Þorsteinn Gunnarsson, Bessi Bjarnason, Bríet Héðinsdóttir og Erlingur Gíslason.



„Í öruggri borg": Bríet Héðinsdóttir, Bessi Bjarnason, Þorsteinn Gunnarsson og Helga Bachmann í hlutverkum sínum.